

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra nr. 7/2001 um framlengingu á fresti skattstjóra til að afgreiða kærur vegna álagningar opinberra gjalda.

Með vísan til 118. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ríkisskattstjóri ákveðið að breyta tímamarki því sem skattstjórum er sett, sbr. 99. gr. sömu laga, til að úrskurða kærur sem bárust vegna álagningar opinberra gjalda á lögaðila og tryggingagjalds á einstaklinga er lauk 31. október 2000.

Skattstjórar skulu hafa lokið við að úrskurða kærur þessar 2. apríl 2001.

Reykjavík, 31. janúar 2001.

Ingvar J. Rögnvaldsson vararíkisskattstjóri.

12. janúar 2001

Nr. 83

GJALDSKRÁ

fyrir sorpförgun í Fljótsdalshreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps er heimilt að leggja á árlegt sorpgjald (sorphreinsi- og sorpförgunargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldskrá er sem hér greinir:

A: Sorpgjald á heimili, kr. 7.000.

B: Sorpgjald á fyrirtæki óákveðið en fer eftir magni, sérsamningar.

3. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að endurákvarða gjöld vegna nýrra fyrirtækja sem hefja rekstur á árinu.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett af sveitarstjórn Fljótsdalshrepps að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar samkvæmt samþykkt um sorphirðu í Fljótsdalshreppi nr. 329/2000 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

Brekkugerði, 12. janúar 2001.

F.h. Fljótsdalshrepps,

Jóhann F. Þórhallsson oddviti.